

Lánasjóður sveitarfélaga

Árshlutareikningur 30. júní 2006

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar og sundurliðanir	9 - 14

Lánasjóður sveitarfélaga
Kennitala: 710169-4979
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 námu 7.247,4 m.kr. til 27 aðila en útborguð lán námu 3.045 m.kr. miðað við 3.104 m.kr. á fyrri hluta ársins 2005.

Vanskil lántakenda hjá sjóðnum eru óveruleg. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Vextir eru breytilegir og voru hækkaðir úr 4,0% í 4,4% þann 1. maí sl. í samræmi við almenna vaxtaþróun. Lán sem sjóðurinn tekur og endurlánar eru lánúð út á sömu grunnkjörum og lántökurnar en að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði.

Á tímabilinu fóru fram nokkur skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 2.220 m.kr. miðað við 3.500 m.kr. á sama tíma á fyrra ári. Skuldabréfin eru skráð í Kauphöll Íslands. Einnig samdi sjóðurinn um fjármögnun frá Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) að fjárhæð 20 m EUR.

Afkoma og efnahagur

Afkoma sjóðsins á tímabilinu varð betri en væntingar stóðu til. Hagnaður tímabilsins nam 717,3 m.kr. miðað við 376,5 m.kr. á sama tíma árið 2005. Hækkun verðlags hefur jákvæð áhrif á afkomu sjóðsins þar sem lán sem fjármögnuð eru með eigin fé hans eru verðtryggð. Einnig var ávöxtun á lausu fé ágæt á tímabilinu.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 28.850 m.kr. á móti 23.927 m.kr. í árslok 2005 sem er hækkun um 20,6%. Vegna aukinnar starfsemi hefur sjóðurinn í öryggisskyni aukið laust fé og er laust fé í lok tímabilsins 2.185 m.kr. miðað við 1.329,3 m.kr. í árslok 2005.

Efnahagur sjóðsins er traustur. Eigið fé nam í lok tímabilsins 11.455 m.kr. á móti 10.738 m.kr. í árslok 2005 og hefur aukist um 6,7% á tímabilinu. Eiginfjárlutfall er í lok tímabilsins 39,7% miðað við 44,9% í árslok 2005 og CAD hlutfall er 206,6% í lok tímabilsins útreiknað samkvæmt reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja en þarf að vera 8%.

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Útreikningur lífeyrisskuldbindinga fer fram einu sinni á ári og hefur ekki verið tekið tillit til hugsanlegra breytinga á lífeyrisskuldbindingunni á fyrri hluta ársins 2006 í þessu árshlutauppgjöri.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga birtir nú í fyrsta sinn árshlutareikning. Til samanburðar hafa verið reiknaðar tölur fyrir samsvarandi rekstrartímabil á fyrra ári.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2006

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Einar Njálsson

Kristinn Jónasson

Magnús Gunnarsson

Reinhard Reynisson

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Við höfum kannað árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga, sem nær yfir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1-14. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því að veita umsögn um árshlutareikninginn á könnunargrundvelli.

Könnun okkar var gerð í samræmi við leiðbeinandi reglur Félags löggiltra endurskoðenda. Slík könnun takmarkast við fyrirspurnir til starfsmanna og greiningar á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag sjóðsins 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 23. ágúst 2006

PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		49.457.890	2.769.427
Vaxtatekjur af útlánum		1.627.807.075	546.780.919
Vaxtatekjur af veltufjáreignum		1.710.800	0
		<u>1.678.975.765</u>	<u>549.550.346</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af lántöku	2	977.086.053	169.536.615
Önnur vaxtagjöld		0	127.747
		<u>977.086.053</u>	<u>169.664.362</u>
Hreinar vaxtatekjur		<u>701.889.712</u>	<u>379.885.984</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Gengishagnaður	3	37.965.061	17.997.412
Hreinar rekstrartekjur		<u>739.854.773</u>	<u>397.883.396</u>
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	4	8.915.255	8.589.698
Annar rekstrarkostnaður		13.057.187	12.183.635
Afskriftir rekstrarfjármuna	9	597.814	597.814
		<u>22.570.256</u>	<u>21.371.147</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>717.284.517</u></u>	<u><u>376.512.249</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2006

Eignir	Skýr.	30/6 2006	31/12 2005
Kröfur á lánastofnanir			
Kröfur á lánastofnanir	6	832.851.577	1.329.267.261
Útlán			
Útlán	7,8	26.607.393.492	22.539.857.237
Veltufjáreign			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		82.186.700	0
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.269.990.057	0
		<u>1.352.176.757</u>	<u>0</u>
Rekstrarfjármunir			
Fasteign	9	56.792.304	57.390.118
Aðrar eignir			
Aðrar eignir		1.267.303	803.159
Eignir samtals		<u>28.850.481.433</u>	<u>23.927.317.775</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2006

Eigið fé og skuldir	Skýr.	30/6 2006	31/12 2005
Lántaka	11		
Verðbréfaútgáfa		12.930.917.560	10.161.394.297
Lán frá lánastofnunum		4.426.976.410	2.988.363.179
		<u>17.357.893.970</u>	<u>13.149.757.476</u>
Aðrar skuldir			
Aðrar skuldir		1.577.968	3.264.409
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	12	35.614.088	36.185.000
Skuldir samtals		<u>17.395.086.026</u>	<u>13.189.206.885</u>
Eigið fé	13		
Óráðstafað eigið fé		11.455.395.407	10.738.110.890
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>28.850.481.433</u></u>	<u><u>23.927.317.775</u></u>

Sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006

	1/1-30/6 2006	1/1 -30/6 2005
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabils	717.284.517	376.512.249
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	597.814	597.814
Verðbætur og gengismunur	(317.987.037)	11.391.681
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(570.912)	(615.406)
Söluhagnaður hlutabréfa	0	(1.361.656)
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)	(464.144)	480.066
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	(1.686.441)	2.306.900
Handbært fé frá rekstri	397.173.797	389.311.648
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	592.684.779	(500.000.000)
Útlán, breyting	(3.343.126.041)	(2.557.572.052)
Veltufjáreignir, breyting	(1.352.176.757)	0
Söluverð hlutabréfa	0	1.752.217
	(4.102.618.019)	(3.055.819.835)
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka, breytingar	3.801.713.317	3.224.294.988
	3.801.713.317	3.224.294.988
Hækkun á handbæru fé		
	96.269.095	557.786.801
Handbært fé í ársbyrjun	386.582.482	459.284.870
Handbært fé í lok tímabils	482.851.577	1.017.071.670

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

1.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Útlán og lántökur sjóðsins eru nú færð samkvæmt aðferð um virka vexti. Í upphafi eru útlán og lántökur færð á gangvirði að frádregnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru útlán og lántökur færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áhrif þessara breytinga eru færð til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun, sbr. skýring 13 og hefur samamburðarfjárhæðum fyrra árs verið breytt til samræmis.

1.3 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á lánastofnanir og útlánunum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir og lántökum.

1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok júní 2006. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2006. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

1.5 Útlán

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní 2006 samkvæmt aðferð um virka vexti. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2006 og gengistryggð útlán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok júní 2006.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélögum heimilt skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

1.6 Lántaka

Lántökur sjóðsins eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lánin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu verði lánsins.

Skýringar

1.7 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármunanna.

1.8 Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Skuldbinding lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings.

1.9 Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Skýringar

1/1 - 30/6 2006 1/1 - 30/6 2005

2. Vaxtagjöld

Vaxtagjöld af lántöku greinast þannig:

Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	842.911.368	116.614.762
Vaxtagjöld af lánum frá lánastofnunum	134.174.685	52.921.853
	<u>977.086.053</u>	<u>169.536.615</u>

3. Gengishagnaður (-tap)

Gengishagnaður (-tap) sundurliðast þannig:

Gengishagnaður af veltuverðbréfum ofl.	30.831.653	19.350.939
Gengishagnaður (-tap) af gjaldeyrisviðskiptum	7.133.408	(1.353.527)
	<u>37.965.061</u>	<u>17.997.412</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Í lok júní 2006 er framkvæmdastjóri eini starfsmaður Lánasjóðs sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
Laun	7.718.934	7.372.894
Launatengd gjöld	1.196.321	1.216.804
	<u>8.915.255</u>	<u>8.589.698</u>

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri	6.563.934
Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður	315.000
Einar Njálsson	210.000
Kristinn Jónasson	210.000
Magnús Gunnarsson	210.000
Reinhard Reynisson	210.000

5. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda sjóðsins greinist þannig:	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
Endurskoðun ársreiknings	2.263.800	1.386.900
Gerð reikningsskila	336.650	292.000
Önnur þjónusta	19.872	895.050
	<u>2.620.322</u>	<u>2.573.950</u>

Skýringar

6. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:	30/6 2006	31/12 2005
Gjaldkræfar kröfur	482.851.577	386.582.482
Allt að 3 mánuðir	350.000.000	942.684.779
	<u>832.851.577</u>	<u>1.329.267.261</u>

7. Útlán

Útlán greinast þannig:		
Gengistryggð útlán	3.123.263.895	1.806.163.825
Verðtryggð útlán	23.484.129.597	20.733.693.412
	<u>26.607.393.492</u>	<u>22.539.857.237</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræfar kröfur	31.223.497	2.103.461
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	1.219.002.633	481.391.490
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	1.721.025.573	2.062.224.033
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 ár	12.050.518.482	8.568.132.913
Til greiðslu eftir 5 ár	11.585.623.307	11.426.005.340
	<u>26.607.393.492</u>	<u>22.539.857.237</u>

8. Vanskil

Vanskil lántakenda hjá Lánasjóði sveitarfélaga námu þann 30/6 2006 alls 31,2 m.kr. en voru í lok ársins 2005 2,1 m.kr.

Gjaldfallnar afborganir	25.357.670	1.397.156
Gjaldfallnir vextir	5.778.118	670.975
Gjaldfallnir dráttarvextir	87.709	35.330
	<u>31.223.497</u>	<u>2.103.461</u>

9. Rekstrarfjármunir

	Húseign og lóð	
Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:	30/6 2006	31/12 2005
Stofnverð 1.1.	59.781.371	59.781.371
Viðbót tímabils	0	0
Stofnverð fært út	0	0
Stofnverð 30.06	<u>59.781.371</u>	<u>59.781.371</u>
Afskrifað áður	2.391.253	1.129.049
Afskrifað á árinu	597.814	1.262.204
Samtals afskrifað 30.06	<u>2.989.067</u>	<u>2.391.253</u>
Bókfært verð 30.06	56.792.304	57.390.118
Afskriftarhlutfall	2%	2%

Fasteignamat húseignar 31.12.2005 nam 38,5 m.kr. Brunabótamat húseignar 31.12.2005 nam 44,2 m.kr.

Skýringar

10. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 23.566 m.kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 14.129 m.kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 3.226 m.kr. í lok tímabilsins og heildarskuldir í erlendum gjaldmiðlum námu á sama tíma 3.229 m.kr.

11. Lántaka	30/6 2006	31/12 2005
Lántaka greinist þannig eftir eftirstöðvartíma:		
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	403.523.412	325.935.153
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	379.951.794	429.309.804
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 ár	8.701.279.372	4.861.230.085
Til greiðslu eftir 5 ár	7.873.139.392	7.533.282.434
	<u>17.357.893.970</u>	<u>13.149.757.476</u>

12. Skuldbindingar

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnununum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni hefur farið fram og er hún færð í árshlutareikninginn miðað við 2,0% ársvexti.

13. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	10.561.819.767
Leiðrétting vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum	<u>176.291.123</u>
Leiðrétt eigið fé í árbyrjun	10.738.110.890
Hagnaður tímabilsins	717.284.517
Eigið fé í lok tímabilsins	<u>11.455.395.407</u>

Eigið fé í lok tímabilsins nemur 11.455 m.kr. eða 39,7% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84.gr. laga um fjármálafyrirtæki er 206,6% en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig (í þús. kr.):	Bókfærð staða	Vegin staða	
		30/6 2006	31/12 2005
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir:	27.498.303	5.544.841	4.831.215
Áhættugrunnur samtals.....	<u>27.498.303</u>	<u>5.544.841</u>	<u>4.831.215</u>
Eigið fé:			
Bókfært eigið fé		11.455.395	10.738.111
Eigið fé samtals		<u>11.455.395</u>	<u>10.738.111</u>
Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall)		206,6%	222,3%

Skýringar

14. Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn slíkum skatti.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 eru skuldabréf sem lánasjóðurinn tekur og veitir undanþeginn stimpilgjöldum.